

Bergraf hefur sett stefnu um persónuvernd sem byggir á tilgangi, gegnsæi og trausti. Skráning persónuupplýsinga er eðlilegur þáttur í starfsemi Bergraf. Vinna þarf ýmsar upplýsingar um starfsfólk t.d. vegna launavinnslu, orlofs- og veikindadaga, slysa- og óhappaskráningar o.s.frv. Ennfremur þarf að vinna upplýsingar um viðskiptavinum Bergraf í þeim tilgangi að veita þjónustu og sinna verkefnum í samræmi við verksemi fyrirtækisins. Aðeins er safnað þeim upplýsingum sem þörf er á í samræmi við meginreglur persónuverndarlöggjafarinnar:

Sanngirnisreglan: að persónuupplýsingar séu unnar með lögmætum, sanngjörnum og gagnsæjum hætti gagnvart starfsfólki og viðskipavinum.

Tilgangsreglan: að persónuupplýsingar séu unnar í skýrum, lögmætum og málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi.

Meðalhöfsreglan: að persónuupplýsingar séu nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilganginn með vinnslu þeirra.

Áreiðanleikareglan: að persónuupplýsingar séu áreiðanlegar og uppfærðar eftir þörfum. Óáreiðanlegum eða ófullkomnum persónuupplýsingum skal eyða eða þær leiðréttar án tafar.

Varðveislureglan: að persónuupplýsingar séu varðveittar í því formi að ekki sé unnt að bera kennsl á einstaklinga lengur en þörf krefur miðað við tilganginn með vinnslu þeirra.

Öryggisreglan: að persónuupplýsingar séu unnar með þeim hætti að viðeigandi öryggi þeirra sé tryggt.

Bergraf vinnur persónuupplýsingar í samræmi við meginreglur persónuverndar sem eru hér upptaldar og fjalla meðal annars um réttindi einstaklinga um persónuvernd. Þegar unnið er með persónuupplýsingar þarf alltaf að hafa þessar meginreglur í huga.

Þegar ekki er lengur not fyrir upplýsingar sem aflað hefur verið er þeim eytt með markvissum hætti.